

Skipulagsstofnun,
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík.

Húnaþingi vestra, 10. júlí 2023
Mál nr. 2306018

Efni: Umsögn um matsáætlun Holtvörðuheiðarlínu 3 nr. 189/2023.

Húnaþingi vestra hefur borist beiðni um umsögn um matsáætlun Holtvörðuheiðarlínu 3. Byggðarráð Húnaþings vestra tók málið til umfjöllunar og bókaði eftirfarandi á 1183. fundi sínum sem haldinn var þann 10. júlí sl.:

Byggðarráð fagnar áformum Landsnets um að reisa 220 kV háspennulínu frá fyrirhuguðu tengivirki á Holtavörðuheiði að Blöndustöð. Um er að ræða brýna framkvæmd sem eykur afhendingaröryggi og bætir aðgengi að orku í sveitarfélaginu sem hefur verið af skornum skammti um langt árabil. Aukið afhendingaröryggi og bætt aðgengi að orku í er ein meginforsenda bættra búsetuskilyrða og atvinnuuppbyggingar.

Húnaþing vestra hefur átt fulltrúa í verkefnaráði Landsnets sem skipað var um framkvæmdina. Byggðarráð lýsir ánægju með þá vinnu sem þar hefur farið fram og því viðtæka samráði sem haft hefur verið við hagaðila. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við framlagða matsáætlun.

Byggðarráð samþykkir tillöguna samhljóða og felur sveitarstjóra að koma henni á framfæri við Skipulagsstofnun.

Athygli er vakin á því að í sumarleyfi sveitarstjórnar fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 5. mgr. 32. gr. samþykktar um stjórn Húnaþings vestra nr. 588/2019.

Skipulags- og umhverfisráð Húnaþings vestra tók málið jafnframt til umfjöllunar á 358. fundi sínum sem haldinn var þann 6. júlí sl. Svohljóðandi var bókað:

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir við matskýrsluna.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.